

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 64/2000

frá 28. júní 2000

um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn
um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 47 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2000 frá 31. mars 2000⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2253/1999 frá 25. október 1999 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 881/98 um nákvæmar reglur um verndun frekari hefðbundinna heita sem eru notuð á tiltekna tegundir gæðavíns sem eru framleiddar í tilgreindum héruðum (gæðavín fth)⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 42e (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 881/98) í 1. viðbæti við bókun 47 við samninginn:

„- **399 R 2253:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2253/1999 frá 25. október 1999 (Stjtið. EB L 275, 26.10.1999, bls. 8).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 141, 15.6.2000, bls. 62 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 27, 15.6.2000, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 275, 26.10.1999, bls. 8.

2. gr.

Texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2253/1999 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 29. júní 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. júní 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði tilgreind.

